

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2024
UST202410-160/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Elliðaárdalur - Arnarnesvegur - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 17. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst að lega samgöngustíga er uppfærð til samræmis við fyrirliggjandi hönnun annars vegar við mislæg gatnamót Arnarnesvegur og Breiðholtsbrautar og hins vegar samgöngustígs með tveimur brúm yfir Dimmu. Báðar brýr fá breytta staðsetningu við nánari hönnun. Þá er ofanvatnstjörn komið fyrir milli stíga norðan við Breiðholtsbraut. Jafnframt er deiliskipulagsmörkum breytt þannig að mörkin fara að vegkanti rampa á Arnarnesvegi. Samgöngustígar norðan Breiðholtsbrautar ásamt fláum verða þannig innan deiliskipulags Elliðaárdals að mörkum þróunarreits. Deiliskipulagsmörk Arnarnesvegur breytast til samræmis við þessa afmörkun.

Umsögn

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillöguna fyrir deiliskipulagið dags. 22. apríl 2020. Þar benti stofnunin á að innan skipulagsvæðisins eru hraun sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, bakkagróður sem nýtur verndar samkvæmt 62. gr. laganna og um friðun kríu samkvæmt lögum nr. 64/1999.¹ Þar benti Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að þeir þættir sem njóta sérstakrar verndar² séu sýndir á uppdrætti eða þemauppdrætti. Auk þess þar sem að dalurinn er á Náttúruminjaskrá³ er mikilvægt að afmörkun hans sé sýnd á uppdrætti eða þemauppdrætti.⁴

Hér er verið að festa í sessi í skipulagi að stórum hluta þær framkvæmdir sem þegar hefur verið farið í, og því hefur svæðinu þegar verið raskað og umhverfisáhrif þeirra framkvæmda komnar fram.⁵

¹

<https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga%20-%20Deiliskipulag%20fyrir%20Elli%c3%b0a%c3%a1rdal%20%c3%ad%20Reykjav%c3%adk.pdf>

² <https://serstokvernd.ni.is/>

³ <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/>

⁴ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

⁵ <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að reiðstígurinn sem sýndur er á uppdrætti er ekki í skýringum. Auk þess bendir Umhverfisstofnun á að einnig sé verið að breyta útfærslu á tengistígum og setja inn nýjan stofnstíg á Víðivöllum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri